



Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2002

Vísað er til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar Alþingis, dags. 27. nóvember sl., vegna frumvarps til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

Upplýst, málefnaleg og jákvæð umræða um samband ríkis og kirkju er af hinu góða. Fagna ber þeim áhuga á málefnum kirkju og trúar sem frumvarp þetta ber með sér. Ekki er þó unnt að fallast á framgang máls þessa af ástæðum sem hér eru raktar. Skulu þær helstu tilgreindar hér.

Samband ríkis og kirkju er óskilgreint í frumvarpinu og greinargerð með því. Þetta samband er mjög flókið. Ítarleg talning og skilgreining á gagnkvæmum réttindum og skyldum ríkis og kirkju liggur ekki fyrir, hvort sem um er að ræða hinar lagalegu, stjórnunarlegu eða fjárhagslegu. Nefnd þeirri sem ráðgert er að stýri þessari vinnu virðist ekki ætlað að kanna þessi atriði sérstaklega.

Hugtakanotkun er óljós og nauðsynlegar skilgreiningar vantar í frumvarpið. Hvað er t.d. átt við með fullum aðskilnaði eins og segir í 2. gr. frumvarpsins. Verður þá t.d. öll löggiöf sem varðar kristnihald og trúarlíf landsmanna afnumin t.d. lög um helgidagafrið?

Ekki er minnst á guðfræðileg og söguleg rök þeirrar kirkjuskipanar sem við búum við.

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar og gera stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað. Má þar m.a. nefna samning ríkis og kirkju um kirkjueignir og launagreiðslur frá 1998, svo og nýleg lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, sem öðluðust gildi í áföngum frá 1. janúar 1998 og síðar. Þar var um umfangsmikla og flókna kerfisbreytingu að ræða sem enn er unnið að.

Viðræður standa yfir milli ríkis og kirkju um prestssetrin og það sem þeim fylgir. Er um að ræða framhald lagasetningar og samninganna frá 1997 sem að ofan greinir. Samþykkt þessa frumvarps myndi setja þessa vinnu í uppnám.

Mikilvægar grundvallarupplýsingar um staðreyndir vantar til að umræða geti farið fram. Sem dæmi má nefna umfang opinberrar þjónustu sem kirkjan veitir. Þá hljóta menn að þurfa að meta afleiðingar þess, verði frumvarp af þessu tagi að lögum, hvernig fara eigi m.a. með margvísleg lögbundin verkefni sem þjóðkirkjan hefur sinnt, ekki hvað síst á landsbyggðinni. Þar má nefna rekstur kirkjugarða, varðveislu margvíslegra menningarverðmæta, sálgæsluþjónusta af ýmsu tagi o.s.frv. Afleiðingar á menningar- og félagslíf hlýtur að þurfa að meta.



Þá má velta því fyrir sér hvort leggja eigi kirkjumálaráðuneytið niður.

Aðferð sú sem frumvarpið ráðgerir að viðhöfð verði er að fela dóms -og kirkjumálaráðherra að skipa nefnd samkvæmt tilnefningum Hæstaréttar. Það virðist því ekki vera gert ráð fyrir formlegri aðild þjóðkirkjunnar að málinu þótt málið varði hana sérstaklega. Það verður að teljast sérkennilegt.

Því er treyst að Alþingi ljái ekki framgang máli sem er jafn lítið unnið og frumvarp þetta og varðar svo mjög grundvallarþætti laga okkar og siðar.

Virðingarfyllst,

Karl Sigurbjörnsson
Biskup Íslands

